



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, 6. og 7. bekk, í Barnaskóla Hjallastefnunar í Reykjavík út skólaárið 2020 -2021

I. Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf og ferill málsins

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf, kt. 550119-0210, (hér eftir Hjallastefnan/Barnaskóli Hjallastefnunnar), dags. 1. apríl 2020, um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi eða í 6. bekk vegna skólaársins 2020 - 2021 og umsókn, dags. 28. september 2020, um undanþágu fyrir skólaárið 2020- 2021 fyrir þá 16 nemendur sem eru í 6. og 7. bekk. Jafnframt umsókn Hjallastefnunnar, dags. 7. desember 2020, um leyfi til að kenna börnum í 6. og 7. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík út skólaárið 2020 -2021.

Í umsókn Hjallastefnunnar, dags. 1. apríl sl., kemur fram að ástæða þess að sótt er um leyfi til að hefja kennslu í 6. bekk við skólann frá og með skólaárinu 2020 – 2021 og 7. bekk frá og með skólaárinu 2021-2022, sé mikill áhugi foreldra á því að börn þeirra haldi áfram námi við skólann að loknum 5. bekk. Jafnframt sé það langtímamarkmið að bjóða síðar upp á unglíngastig við skólann. Í umsókninni kemur fram að skólinn blómstri nú á sínu 11. starfsári en miðstigshópurinn sé að ljúka sínum fyrsta vetri í vor. Fram kemur að hugmyndafræði Hjallastefnunnar á grunnskólastigi, þ.e. kynjanámskrá og meginreglurnar, séu í fullum samhljómi við aðalnámskrá grunnskóla. Metnaðarfull markmið Barnaskólans snúist um það að börnin nái bestum hugsanlegum árangri og þjálfun í grunngreininum íslensku, lestri og stærðfræði. Í öðrum námsgreinum aðalnámskrár er fjölbreytni í fyrirrúmi með þverfaglegum nálgunum. List- og verkgreinar eru í hávegum hafðar, sem og tækninotkun, frjáls leikur, útistarf, hreyfing, félagsfærni og lýðræðisþjálfun. Jafnframt er þess getið að námsárangur sé góður, meðalárangur á samræmdum prófum í 4. bekk hafi jafnan verið yfir meðallagi og ánægja foreldra komi skýrt fram í könnunum.

Afrit af almenna hluta skólanámskrár og skólanámskrá miðstigs fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík barst skóla- og frístundasviði þann 16. nóvember sl. og er það mat skóla- og frístundasviðs að hún sé fullnægjandi og almennt í góðu samræmi við áherslur og hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

Fyrir liggur umsögn skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar, dags. 17. desember 2020.

Í tengslum við málið hefur skóla- og frístundasvið átt í bréfskiptum við Hjallastefnuna og verða hér á eftir helstu atvik rakin.

Umsókn um kennslu í 6. bekk og beiðni um undanþágu vegna 6. og 7. bekkjar

Með bréfi til skóla- og frístundasviðs, dags. 1. apríl 2020, fer Hjallastefnan þess „*formlega á leit að fá heimild til að vera með miðstig í Barnaskólanum í Reykjavík og hefja starf fyrir 6. bekk nú í haust.*“ Bréfið var sent með tölvuskeyti en í skeytinu sjálfu kom fram að um væri að ræða umsókn um kennslu í 6. bekk fyrir skólaárið 2020-2021 og 7. bekk skólaárið 2021-2022. Samkvæmt þeim gögnum sem bárust í tengslum og í kjölfar umsóknarinnar var ráðgert að kennslan á miðstiginu færi fram í húsnæði skólans að Nauthólsvegi 87, Reykjavík.

Þann 20. apríl 2020, sendi fagskrifstofa grunnskóla á skóla- og frístundasviði fyrirspurn með tölvuskeyti á Barnaskóla Hjallastefnunnar þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um húsnæði Barnaskólans. Áréttað var að leita þyrfti afstöðu sveitarfélags ef skólum væri fundið annað húsnæði eða árgöngum fjölgað. Sveitarfélagið leiti svo staðfestingar Menntamálastofnunar. Skóla- og frístundasvið óskaði einnig eftir upplýsingum um lausar stofur skólans, hvort búið væri að sækja um formleg leyfi vegna þeirra til byggingarfulltrúa og hvort byggingarfulltrúi hefði staðfest að það hefði mátt færa stofurnar á lóðina. Ef fyrirhugað væri að taka þessar stofur í notkun fyrir næsta skólaár þyrfti skóla- og frístundasvið að fá starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits fyrir þessum stofum, vottorð bruna- og eldvarnaeftirlits og Vinnueftirlits þar sem Menntamálastofnun þyrfti að berast framangreind gögn mánuði fyrir áætlaða skólabyrjun. Að lokum var óskað eftir upplýsingum um fjölda barna í 5 ára deild skólans og væntanlegan fjölda þeirra á næsta skólaári svo hægt væri að meta hvort mögulegt væri að staðfesta að húsnæðið rúmi þann fjölda sem sótt er um að verði í þessu húsnæði, miðað við viðmið borgarinnar.

Í svari Hjallastefnunnar dags, 29. apríl 2020, kemur meðal annars fram að lausar gámaeiningar hafi verið settar niður á lóðina tímabundið þar sem mygla hafi fundist í hluta skólans í lok febrúar. Í fyrstu voru einingarnar settar niður á lóðina við hliðina og munnlegt samþykki lóðarhafa, Háskólans í Reykjavík, hafi fengist fyrir því. Síðar breyttist afstaða lóðarhafa og einingarnar því færðar yfir á núverandi lóð. Síðar kom í ljós að Háskólinn í Reykjavík hefði lagaleg umráð þar líka. Einnig kom fram í svari Barnaskóla Hjallastefnunnar að lausu stofurnar uppfylltu sett skilyrði fyrir stöðuleyfi að öðru leyti en því að samþykki lóðarhafa lægi ekki fyrir. Tilskilin leyfi lægju fyrir aðrar byggingar en lausu gámaeiningarnar en lögð yrði áhersla á að fá umbeðin vottorð fyrir þær í síðasta lagi mánuði fyrir áætlaða skólabyrjun. Húsin hafi því fengið að vera þar sem þau eru en yrðu flutt þegar aðrar skólabyggingar Hjallastefnunnar flyttu annað. Auk þessa kom fram hjá Hjallastefnunni að nú væru 12 drengir og 8 stúlkur við 5 ára deild skólans en gert væri ráð fyrir að á næsta skólaári yrðu um 160 börn en nóg pláss væri fyrir þennan fjölda í skólanum. Lausar stofueiningar nýttust sem viðbót við rými sem eru í nágildandi þjónustusamningi.

Í tengslum við umsókn Hjallastefnunnar óskaði skóla- og frístundasvið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar. Í umsögn fjármála- og áhættusviðs Reykjavíkurborgar, dags. 14. maí 2020, kemur fram að Barnaskóli Hjallastefnunnar sé til húsa að Nauthólsvegi 87. Reykjavíkurborg og Háskólinn í Reykjavík ehf. hafi gert með sér samkomulag um ráðstöfun á landi undir starfsemi HR og tengda starfsemi þann 13. febrúar 2007 og fellur lóðin Nauthólsvegur 87 undir það land sem framangreint samkomulag nær til. Hjallastefnan hafi fengið leyfi til að byggja og reka tímabundið leik- og grunnskóla á svæði Háskólans í Reykjavík og hafi verið gefinn út tímabundinn lóðarleigusamningur við Skólafélagið Bak-Hjalla ehf. með gildistíma til 5 ára frá 1. september 2009. Um ráðstöfun

lóðarinnar eftir það var vísað til samkomulags Reykjavíkurborgar, Hjallastefnunnar ehf. og Háskólans í Reykjavík, dags 2. september 2009 sem var fylgiskjal með lóðarleigusamningnum.

Þá kemur fram í framangreindu bréfi fjármála- og áhættustýringarsviðs að til samræmis við áður nefnt samkomulag um land undir starfsemi HR var lóðinni Nauthólsvegur 83 (áður Nauthólsvegur 83, 85, 87 og 89) úthlutað með ákvörðun borgarráðs þann 12. október 2017 til Grunnstoðar ehf, félags sem er í 95% eigu Háskólans í Reykjavík og í 5% eigu bakhjarla HR; SVÍV, SI og SA. Lóðarhafinn hafi óskað eftir því að BakHjallar ehf. fjarlægi byggingar sínar af lóðinni og hafi Reykjavíkurborg boðið fram aðrar lóðir en Hjallastefnan hefur ekki fallist á neina þá tillögu sem borin hafi verið upp. Þá kemur fram að það er við það ástand sem Hjallastefnan leggur fram beiðni um fjölgun barna og er það mat Fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé unnt að samþykka þá umsókn að óbreyttu.

Með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 19. maí 2020, til Hjallastefnunnar var meðal annars er ferill málsins rakinn, upplýst um umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 14. maí 2020, og óskað upplýsinga um með hvaða hætti Hjallastefnan Grunnskólar hyggist haga húsnæðismálum skólans til næstu fimm til tíu ára. Tekið var fram að ekki væri unnt að taka afstöðu til umsóknar Hjallastefnunnar um leyfi til að hefja kennslu í 6. og 7. bekk fyrr en allar forsendur lægju fyrir.

Beiðni um upplýsingar var ítrekuð með bréfi, dags. 11. ágúst 2020 en svar barst frá Hjallastefnunni þann 17. ágúst sl. þar sem farið var yfir stöðu húsnæðismála hjá Hjallastefnunni Grunnskólum.

Með bréfi, dags. 24. september sl., upplýsti skóla- og frístundasvið um að af fyrirliggjandi gögnum liggi ekki skýrt fyrir staðfesting á því hvernig húsnæði fyrir 6. og 7. bekk yrði háttáð til framtíðar litið og var því tilkynnt um að afgreiðslu umsóknarinnar yrði frestað þar til þetta lægi ljóst fyrir.

Umsókn um undanþágu vegna 6. og 7. bekkjar

Með svarbréfi Hjallastefnunnar, dags. 28. september 2020, tekur Hjallastefnan fram að húsnæðismál skólans séu í ferli innan borgarinnar og á borði borgarlögmanns. Því væri ekki unnt að svara fyrirspurn skóla- og frístundasviðs um það hvernig húsnæðismálum skólans yrði háttáð til framtíðar. Hins vegar væri skólinn starfræktur þetta haustið í núverandi húsnæði skólans ásamt húsnæði í Siglunesi. Í bréfi skólans, dags. 28. september 2020, er óskað eftir undanþágu fyrir skólaárið 2020-2021 fyrir 16 nemendur sem eru í 6. og 7. bekk. Tekur skólinn fram að nemendurnir hafi verið innritaðir í skólann í vor en þá hafi það verið sannfæring forsvarsfólks skólans að niðurstaða lægi fyrir um framtíðarskipan húsnæðismála Hjallastefnunnar.

Þann 30. október 2020, sendi skóla- og frístundasvið bréf til Hjallastefnunnar þar sem óskað var ítarlegra upplýsinga um húsnæðismál Hjallastefnunnar vegna reksturs grunnskólans, bæði á þessu skólaári og til framtíðar auk allra tilskilinna vottorða vegna húsnæðis í notkun, ásamt starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits fyrir lausum stofum og vottorði bruna- og eldvarnareftirlits og Vinnueftirlitsins vegna allra starfsstaða.

Þann 4. nóvember 2020 barst skóla- og frístundasviði svar frá Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þar kemur fram að kennsla í 1.-5. bekk sem og í 6. og 7. bekk fari fram í núverandi húsnæði skólans að Nauthólsvegi 87, að undanskilinni íþróttakennslu. Starfsrými og kaffistofur kennara hafa verið færð í færanlegar einingar. Ein slík eining hafi verið notuð undir smíðakennslu. Húsnæðið að Siglunesi sé ekki lengur notað. Núverandi húsnæði hafi starfsleyfi í gildi. Meðfylgjandi

bréfinu fylgdi leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar til að starfrækja grunnskóla að Nauthólsvegi 87, útgefið 8. október 2013 með gildi til 8. október 2025. Þá fylgdi bréfinu einnig úttekt Vinnueftirlitsins, dags. 29. október 2019 auk staðfestingar á að máli vegna athugasemda væri lokið. Af lesningu bréfsins má ráða að framtíðarhúsnæði skólans er ekki ákveðið.

Varðandi kennslu barna í 6. og 7. bekk, kemur fram að Hjallastefnan hafi talið það vera sameiginlegan skilning aðila, að þegar sótt var um leyfi fyrir miðstig ætti það ekki einungis við um einn bekk. Horft væri til samfellu í námsferli barna þannig að börn sem væru í 5. bekk Hjallastefnunnar skólaárið 2019-2020 yrðu í 6. bekk skólaárið 2020-2021. Jafnframt taldi Hjallastefnan að vilji væri til þess að skólinn gæti sinnt kennslu umræddra barna á skólaárinu 2020-2021 þótt framtíðarfyrirkomulag húsnæðismála lægi ekki fyrir, enda væri SFS ljóst að unnið væri að lausn þess máls í samvinnu við Reykjavíkurborg. Með beiðni Hjallastefnunnar um undanþágu fólst beiðni um, að í ljósi aðstæðna og til þess að raska ekki skólasókn umræddra barna, þá myndi skóla- og frísundasvið heimila Hjallastefnunni að sinna kennslu í 6. og 7. bekk á þessu skólaári og þjónustusamningur aðila verði uppfærður í samræmi við það. Í kjölfarið myndu aðilar leita lausnar varðandi framtíðarfyrirkomulag kennslu á miðstigi í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þannig myndu aðilar í sameiningu leiða þetta mál farsælega til lykta með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Þann 12. nóvember 2020 óskaði skóla- og frístundasvið eftir að Hjallastefnan lýsti húsnæði því sem notað væri í dag fyrir grunnskólastarfsemina, gróft sundurliðað eftir fermetrafjölda, fjölda húsa, hæða og hver margir fermetrar væru í lausum stofum og þar sem fram kemur einnig heildarfjöldi fermetra. Þá var einnig óskað upplýsinga um hvernig nám nemenda á miðstigi samræmdist aðalnámskrá grunnskóla út frá hæfniviðmiðum og öðru sem aðalnámskráin segir til um.

Þann 16. nóvember 2020 bárust teikningar af skólahúsnæðinu með upplýsingum um fermetrafjölda og fjölda nemenda, ásamt skólanámskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar og skólanámskrá fyrir miðstigið.

Þann 24. nóvember 2020 upplýsti skóla- og frístundasvið Hjallastefnuna um afstöðu sína til framkominna upplýsinga. Fram kemur í bréfi skóla- og frístundasviðs að þegar þjónustusamningur skóla- og frístundasviðs við Barnaskóla Hjallastefnunnar hafi veirið samþykktur í maí 2019 hafi húsnæði skólans að Nauthólsvegi 87, skv. þeim upplýsingum sem þá voru lagðar fram samtals 2.443 m² og kennslurými þar fyrir rúmlega 222 börn miðað við viðmið skóla- og frístundasviðs um 11 m² pr. nemenda. Þar með talið væru 4 færanlegar stofur sem eru 45 m² hver, sem gerðu því 180 m² til viðbótar við það húsnæði sem skólinn hafði fyrir. Miðað við framkomnar upplýsingar væri skólinn nú rekinn í samtals 905 fm² pr. nemanda eða 6,24 m² pr. nemanda.

Með framangreindu bréfi, dags. 24. nóvember 2020, var Hjallastefnunni gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum gagnvart framangreindum niðurstöðum skóla- og frístundasviðs varðandi stærð rýmis í notkun. Þá var jafnframt gerð athugasemd við að ekki hafi borist gögn frá Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti eða eldvarnareftirliti vegna lausra stofa.

Með tölvuskeyti Hjallastefnunnar, dags. 2. desember 2020, er upplýst um að úttekt Slökkviliðs hafi verið framkvæmd og að Vinnueftirlitið geri ekki athugasemd við tímabundna notkun gámaeininga. Þá kemur fram að Heilbrigðiseftirlit geti ekki veitt jákvæða umsögn. Með skeytinu fylgdi afrit tölvuskeytis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 25. nóvember 2020, þar sem fram kemur að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur geti ekki samþykkt notkun umrædds húsnæðis og gefi neikvæða umsögn um erindið þar sem húsnæðið uppfyllir ekki kröfur 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um Hollustuhætti hvað varðar samþykktu notkun húsnæðis. Fyrir liggi neikvæð umsögn byggingarfulltrúa þar sem byggingarleyfi sé ekki til staðar.

Þá er í framangreindu tölvuskeyti Hjallastefnunnar, dags. 2. desember 2020, farið fram á að í ljósi þessara flóknna aðstæðna og til að halda áfram skóla eftir áramót farið fram á að starfsleyfi fyrir miðstig verði meðhöndluð með meðalhófsreglu að leiðarljósi. Þannig sé tryggt að skólastarf geti haldið óskert áfram út yfirstandandi skólaár, eða þar til starfsemin flyst annað eða hættir alfarið.

Með tölvuskeyti, dags. 3. desember 2020, kemur Hjallastefnan sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi stærð húsnæðis í notkun sem leiðir til þess að litið er svo á að skólinn sé rekinn í samtals 1005 fm² pr. nemanda eða 6,9 fm² pr. nemanda ef lausar stofur eru með taldar. Þá kemur meðal annars fram að unnið sé að því hörðum höndum að borgin finni varanlega lóð.

Umsókn um kennslu í 6. bekk og 7. bekk út skólaárið 2020 – 2021

Með tölvuskeyti Hjallastefnunnar, dags. 7. desember 2020, sækir Hjallastefnunnar um leyfi til að kenna börnum í 6. og 7. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík. Fram kemur að notað verði núverandi húsnæði. Það sé minna rými en í hefðbundnum skólum en það sé leyst með því að nota margvíslegar kennsluáðferðir. Nemendur skiptist á að vera úti hluta úr degi og fari hluti af kennslunni þar fram sem hefur gefist einstaklega vel, enda er náttúran full af efnivið til að læra um. Tryggt sé að farið er eftir skólanámskrá sem byggð er á aðalnámskrá. Þrátt fyrir að þröngt sé á þingi þá hefur það ekki áhrif á gæði námsins. Hjallastefnan notist ekki við hefðbundna matsali eða stóra sali og ekki er um bókasafn eða sérstofur að ræða þannig að rýmið er í raun miklu meira en nóg. Þannig hafi tekist að fylgja sóttvarnafyrirkomulagi sem hefur verið í gangi á hverjum tíma.

Fram kemur í framangreindu tölvuskeyti, dags. 7. desember 2020, að farið sé fram á að fá leyfi út skólaárið 2020-2021 til að börnin geti klárað skólaárið í skólanum. Gert sé ráð fyrir að framtíðarskipulag skólans liggja fyrir á næstu vikum og verði sótt um nýtt leyfi þegar það liggur fyrir.

Með tölvuskeyti skóla- og frístundasviðs, dags. 11. desember 2020, lýsti skóla- og frístundasvið því yfir að með tilliti til hagsmuna nemenda sem nú þegar stunda nám í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík væri það mat skóla- og frístundasviðs að rétt væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að veitt verði leyfi til kennslu þeirra 16 reykvísku nemenda sem nú eru í 6. og 7. bekk út skólaárið 2020 – 2021. Eðli málsins samkvæmt sé framangreint háð því að við fyrirtekt í skóla- og frístundaráði liggja fyrir hver staða húsnæðismála skólans verði út skólaárið. Fyrirvari muni verða gerður um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáiast. Þá kemur fram að jafnframt megi gera ráð fyrir að lagt verði til við skóla- og frístundaráð að frá samþykkt borgarráðs verði heimilað að greiða framlag vegna reykvískra nemenda í 6. og 7. bekk sem nú þegar eru í skólanum.

Með tölvuskeytum Hjallastefnunnar, dags. 22. desember 2020, 4. og 6. janúar 2021 veitti Hjallastefnan frekari upplýsingar um stöðu húsnæðismála að beiðni skóla- og frístundasviðs. Fram kemur meðal annars að í tengslum við notkun gámaeininga hafi ekki tekist að klára leyfismálin á sínum tíma vegna þess að ekki hafi fengist fékkst samþykki lóðarhafa (HR) fyrir gámaeiningunum. Síðan hefur komið fram krafa um að breyta deiliskipulagi vegna þeirra og umsókn um það gerð í samráði við byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Umsóknin verði tekin fyrir í skipulagsráði þann 13. janúar nk. Leyfið fái ekki staðfest fyrir en að

deiliskipulagsbreyting er gengin í gegn en málið sé komið í ferli og mun ganga eins hratt fyrir sig og mögulegt er. Þá kemur meðal annars fram að slökkviliðið hafi gert stöðuúttekt á gámaeiningum og þær öruggar hvað eldvarnir varðar, enda hannaðar í samráði við slökkviliðið og eldvarnarhönnuð hjá Eflu - nú Öruggr verkfræðistofa - í upphafi. Umsókn Hjallastefnunnar nú eigi við um kennslu í þegar samþykktum rýmum.

II Upplýsingar varðandi húsnæði grunnskólans

Í tengslum við gerð þjónustusamnings, dags. 13. maí 2019, og öflun staðfestingar Menntamálastofnunar var aflað gagna frá Hjallastefnunni um húsnæði grunnskólans að Nauthólsvegi 87, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum Hjallastefnunnar frá þeim tíma var skólinn rekinn í húsnæði að Nauthólsvegi 87, samtals 2.443 m² og var þar kennslurými fyrir rúmlega 222 börn miðað við viðmið skóla- og frístundasviðs um 11 m² pr. nemenda. Þar með talið væru 4 færanlegar stofur sem eru 45 m² hver, sem gerðu því 180 m² til viðbótar við það húsnæði sem skólinn hafði fyrir.

Í bréfi Hjallastefnunnar, dags. 4. nóvember 2020, kemur fram að kennsla í 1.-5. bekk sem og í 6. og 7. bekk fari fram í núverandi húsnæði skólans að Nauthólsvegi 87, að undanskilinni íþróttakennslu. Starfsrými og kaffistofur kennara hafa verið færð í færanlegar einingar. Ein slík eining hefur verið notuð undir smíðakennslu. Húsnæðið að Siglunesi sé ekki lengur notað. Núverandi húsnæði hafi starfsleyfi í gildi. Meðfylgjandi bréfinu fylgdi leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar til að starfrækja grunnskóla að Nauthólsvegi 87, útgefið 8. október 2013 með gildi til 8. október 2025. Þá fylgdi bréfinu einnig úttekt Vinnueftirlitsins, dags. 29. október 2019 auk staðfestingar á að úrbótum væri lokið. Tekið er fram að árlega séu brunavarnir grunnskólans yfirfarnar með Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og árleg brunavarnaræfing haldin. Slökkviliðið hafi gert stöðuúttekt á eldvörnum í færanlegum einingum í lok október sl. og von sé á vottorði að uppfylltum lítilsháttar úrbótum sem fram koma í stöðuúttektarskýrslu. Af lesningu bréfsins má ráða að framtíðarhúsnæði skólans er ekki ákveðið.

Þann 16. nóvember sl. og þann 3. desember bárust þær upplýsingar frá Hjallastefnunni að núverandi heildarfjöldi fermetra húsnæðis fyrir starfsemi grunnskólans væru 708 fm og þannig væri heildarfjöldi fermetra á nem. 4,9 fm. Inn í þennan heildarfjölda reiknast kennslustofur innan skólabyggingarinnar, skrifstofa skólastjóra og aðstaða starfsfólks og færanlegar gámaeiningar.

Kennslurými innan skólabyggingarinnar væri 576 fm en heildarfjöldi nemenda 145. Kennslurými í lausu gámaeiningunum sem notaðar væru tímabundið undir kennslu í smíðju og/eða hluta úr degi fyrir miðstigi o.þ.h. væru 89 fm. Í skólanum væru 24 6 ára börn, 25 7 ára börn, 35 9 ára börn, 40 10 og 11 ára börn, 9 ára stúlkur og 10 8 ára drengir. Við nánari athugun á gögnunum kom í ljós að ekki voru talin með umferðarrými, snyrtingar, geymslur o.fl. eða samtals 197 fm. Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík eru engar sérgreinastofur, matsalur, bókasafn né ýmis önnur rými sem yfirleitt eru talin með þegar húsnæðispörf grunnskóla borgarinnar er metin heldur fer kennslan að mestu fram í almennum kennslustofum auk þess sem lausar kennslustofur (færanlegar gámaeiningar) eru nýttar fyrir grunnskólastarfið. Skólabyggingin sjálf er á 2 hæðum.

Fulltrúar skóla- og frístundasviðs og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fóru í vettvangsferð að Nauthólsvegi þann 16. desember sl. Sérstaklega var skoðuð aðstaða fyrir nemendur á miðstigi grunnskólans sem hefur til umráða tvær 40 m² kennslustofur í upphaflegu húsnæði skólans auk lausra ósamþykktara gámaeiningar á lóðinni sem notaðar voru hluta úr degi fyrir grunnskólastarfið. Miðað við þennan fjölda nemenda eða um 10 í hvorum hópi virtist nokkuð rúmt um nemendur en leiða má getum að því að þegar 20 nemendur á aldrinum 10 – 11 ára séu

saman í 40 m² kennslustofu sé nokkuð þröngt á þingi. Stofurnar báðar virtust snyrtilegar og öllu vel við haldið. Þá liggur fyrir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gaf út neikvæða umsögn fyrir færanlegum gámaeiningum þar sem húsnæðið uppfyllir ekki kröfur 14. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti hvað varðar samþykktu notkun húsnæðis.

Ef frá er talið það húsnæði sem felst í gámaeininginni sem notuð er fyrir grunnskólastarfið og telur 89 m² hefur grunnskólinn til umráða 816 m² eða 5,6 m² pr. nem. Þetta er umtalsvert minna rými en um skeið hefur verið miðað við þegar húsnæðisþörf grunnskóla borgarinnar hefur verið metin en þá hefur verið miðað við 11 m² pr. nem. Það skal þó tekið fram að í húsnæði Barnaskóla Hjallastefnunnar er ekki að finna ýmis rými sem gert er ráð fyrir í grunnskólum borgarinnar, s.s. mötuneyti, bókasafn, list- og verkgreinaaðstöðu o.fl.

III Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og Barnaskóla Hjallastefnunnar Grunnskóla

Skóla- og frístundasvið gerði þann 13. maí 2019 þjónustusamning vegna nemenda í 1. til 4. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar, *Nauthólsvegi 87, Reykjavík*, við Hjallastefnuna Grunnskólar ehf, kt. 550119-0210. Samningurinn kveður á um að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 reykvískra nemenda. Samningurinn tók gildi 10. júní 2019 og gildir til þriggja ára. Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 7. janúar 2020, staðfesti stofnunin framangreindan þjónustusamning sem og önnur gögn er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu.

Á fundi borgarráðs þann 6. júní 2019 var samþykkt tillaga sem kvað á um að Hjallastefnunni Grunnskólum verði heimilað að hefja kennslu í 5. bekk við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík frá og með skólaárinu 2019-2020. Þá kom fram að þar sem þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og skólans miðar við að heimilt sé að greiða framlag vegna 60 reykvískra nemenda umfram þann fjölda sem greitt var framlag vegna á yfirstandandi skólaári sé lagt til að ekki verði gerðar breytingar á þjónustusamningi hvað varðar hámarksfjölda reykvískra nemenda við skólann sem heimilt er að greiða framlag vegna. Það sé skilyrði að skólahúsnæðið uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þá var gerður fyrirvari um að Menntamálastofnun staðfesti fjölgun árganga og þjónustusamning skólans við Reykjavíkurborg. Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 28. febrúar sl., staðfesti Menntamálastofnun framangreindan þjónustusamning og að Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík sé heimilt að hefja kennslu í 5. bekk frá og með skólaárinu 2019 -2020. Fram kemur að staðfesting sé veitt með vísan í þjónustusamning, dags. 13. maí 2019, sem og önnur gögn, er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu. Þá kemur fram að staðfesting þessi komi í stað fyrri staðfestingar, dags. 7. janúar 2020.

IV Fjöldi nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Samkvæmt yfirliti Hjallastefnunnar til skóla- og frístundasviðs vegna septembermánaðar er fjöldi reykvískra nemenda í grunnskólanum eftirfarandi í september:

20 nemendur í 1. bekk; 20 nemendur í 2. bekk; 26 nemendur í 3. bekk; 20 nemendur í 4. bekk; 19 nemendur í 5. bekk; 15 nemendur í 6. bekk og 1 í 7. bekk. Nemendur með lögheimili í Kópavogi eru 5 og 3 eru með lögheimili á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt yfirliti fyrir októbermánuð eru tölur óbreyttar að því undanskyldu að í 3. bekk eru nú 24 í stað 26 í september sl. Nemendur í 4. bekk eru 17 í stað 19 áður og nú eru 16 nemendur í 6. bekk og enginn skráður í 7. bekk. Þá eru skráðir í skólann 12 nemendur úr Kópavogi, 8 frá Seltjarnarnesi, 4 frá Hafnarfirði, 1 úr Mosfellsbæ og 1 frá Þórshöfn.

Samkvæmt yfirliti fyrir nóvembermánuð eru 20 nemendur í 1. bekk; 22 nemendur í 2. bekk; 25 nemendur í 3. bekk; 20 nemendur í 4. bekk; 15 nemendur í 5. bekk. Þá er það óbreytt að 15

nemendur eru í 6. bekk og 1 í 7. bekk. Nemendur með lögheimili í Kópavogi eru 12 og 7 eru með lögheimili á Seltjarnarnesi, 1 í Mosfellsbæ og 4 í Hafnarfirði.

V. Helstu ákvæði grunnskólalaga og reglugerða settum samkvæmt þeim

Í 1. málslíð 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2009 kemur fram að lögini taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til viðurkennds náms á grunnskólastigi.

Í 3. mgr. 20. gr laga um grunnskóla kemur fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Með stoð í framangreindri 20. gr. laga um grunnskóla hefur verið sett reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þar er í 3. gr. er kveðið á um að húsnæði og skólalóðir skuli uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig beri að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlög til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skólastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess. Skv. 2. mgr. 43. gr. a. skal Menntamálastofnun staðfesta þjónustusamningin, sbr. einnig 4.- 6. gr. reglugerðar nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Þá kemur fram í 1. tölulíð 1. mgr. 43. gr. d laga um grunnskóla að um rekstur og skólalag sjálfstætt rekens grunnskóla gildi að starfsemi grunnskólans, þ.m.t. skipulag og kennsluhættir, skuli vera í fullu samræmi við ákvæði laga þessara, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í samræmi við aðalnámskrá, nema undantekning sé gerð með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum.

Í h. lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að staðfest afrit af starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélags og vottorð bruna- og eldvarnareftirlits á vegum sveitarfélaga og vinnueftirlits þurfi að berast Menntamálastofnun mánuði fyrir áætlaða skólabyrjun.

Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að verði skólanum fundið annað húsnæði eða árgöngum fjölgað skuli rekstraraðili fyrst leita afstöðu viðkomandi sveitarfélags gagnvart slíkum breytingum sem leitar staðfestingar Menntamálastofnunar.

Þá kemur fram í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla að sveitarfélög sinni mati og eftirliti með gæðum skólastarfs í sjálfstætt reknunum grunnskólum samkvæmt lögum um grunnskóla og hlíta þeir skólar sama eftirliti og grunnskólar sem reknir eru af sveitarfélagi.

VI. Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 2.098.418 í desember 2020. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.573.814,- (dreifist á 9 mánuði, sept-maí). Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar pr. nemanda er kr. 800.388,- Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum Reykjavíkur. Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2019 vegna fjárhagsáætlunar 2020. Skóla- og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknunum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt.

Rekstrarform	Meðalkostn	Þar af FK pr. barn	Þar af BK pr barn	Til samanburðar á ári	Á mánuði
Borgarreikinn	2.000.339	865.619	1.134.720	1.134.720	126.080
Einkarekinn	1.573.814			1.573.814	174.868
			Mism. pr barn	439.094	48.788
Tímabil					
Fjöldi mánaða	4				
Fjöldi nemenda	16				
Borgarreikinn	8.069.120				
Einkarekinn	11.191.566				
Hreinn viðbótarkostnaður	3.122.446				

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 8. janúar 2021 þar sem fram kemur að auka þyrfti fjárheimildir skóla- og frístundasviðs 2021 um tæpar 12 m.kr. til að börn í 6. og 7. bekk skólans geti lokið þar skólaárinu.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni vegna aukins fjölda barna í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

VII Umsögn skóla- og frístundasviðs

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið var það mat skóla- og frístundasviðs síðastliðið vor að ekki væri hægt að taka afstöðu til umsóknar um kennslu í 6. bekk skólaárið 2020 – 2021 eða kennslu í 7. bekk ári síðar nema fyrir lægu upplýsingar um hvernig Hjallastefnan hygðist haga húsnæðismálum skólans til næstu fimm til tíu ára, sbr. jafnframt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 14. maí 2020. Auk þess sem tryggja varð að húsnæði skólans fullnægði kröfum laga um grunnskóla, reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Tekið er fram að frá því að mál þetta hófst hafa borist breytilegar upplýsingar um fyrirkomulag húsnæðismála skólans og ekki upplýst að fyrra bragði um að kennsla væri hafin í 6. og 7. bekk án leyfis. Tekið er fram að ekki var lagður sá skilningur í bréf Hjallastefnunnar af hálfu skóla- og frístundasviðs að ráðgert væri að hefja þar kennslu í 6. og 7. bekk án leyfis Reykjavíkurborgar. Í bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 19. maí 2020, var skýrlega tekið fram að öll viðeigandi leyfi þyrftu að vera til staðar áður en kennsla hæfist í 6. og 7. bekk.

Þá liggur fyrir að framtíðarskipulag skólans þegar kemur að húsnæðismálum er enn í óvissu og því ekki vitað hvernig fer með þá nemendur sem nú eru í 1. til 5. bekk og sem skólinn hefur leyfi til að sinna og nú jafnframt þá nemendur sem fengið hafa kennslu í 6. og 7. bekk á yfirstandandi skólaári þrátt fyrir að leyfi hafi ekki legið fyrir. Þá liggur fyrir að miðað við núverandi samþykkt húsnæði í notkun grunnskólar hefur hann til umráða um 816 m² eða 5,6 m² pr. nemanda sem er eins og áður hefur komið fram umtalsvert minna rými en um skeið hefur verið miðað við þegar húsnæðisþörf grunnskóla borgarinnar.

Að teknu tilliti til hagsmuna nemenda sem nú þegar stunda nám í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík er það mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að leggja til við skóla- og frístundaráð að veitt verði leyfi til kennslu þeirra 16 reykvísku nemenda sem nú eru í 6. og 7. bekk út skólaárið 2020 – 2021. Fyrirvari verði gerður um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fái st. Jafnframt verði greitt framlag vegna nemenda í 6. og 7. bekk sem nú stunda nám við skólann frá og með 1. febrúar 2021 til loka skólaársins. Óskað verður eftir viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, 6. og 7. bekk, við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, skólaárið 2020 - 2021

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn vegna umsóknar Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, í 6.og 7. bekk, skólaárið 2020-2021.

Í minnisblaði skóla- og frístundasviðs dags 17. desember 2020 er ferill málsins rakinn. Sviðinu hafa borist þrjár umsóknir frá Barnaskóla Hjallastefnunnar:

1. Í umsókn dagsett 1. apríl 2020, er óskað eftir leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi eða í 6. bekk vegna skólaársins 2020 – 2021 í húsnæði skólans að Nauthólsvegi 87. Skóla- og frístundasvið svaraði umsókninni þannig að ekki væri unnt að taka afstöðu til umsóknarinnar fyrr en allar forsendur lægju fyrir m.a. hvernig skólinn hyggst haga húsnæðismálum skólans til næstu fimm til tíu ára, en tímabundið leyfi var gefið til byggingar og rekstur leik- og grunnskóla á lóðinni Nauthólsveg 87 og lóðarleigusamningur með gildistíma til 5 ára var gerður 1. september 2009. Eftir samskipti skóla- og frístundasviðs og Barnaskóla Hjallastefnunnar var afgreiðslu umsóknar frestað þar sem fyrirliggjandi gögn töldust ekki fullnægjandi og Barnaskóli Hjallastefnunnar upplýstur um það.
2. Umsókn dagsett 28. september 2020, um undanþágu fyrir skólaárið 2020 – 2021 fyrir þá 16 nemendur sem eru í 6. og 7. bekk. Þar kemur fram að skólinn telur húsnæðismál skólans vera í ferli innan borgarinnar og á borði borgarlögmans, en ljóst að skólinn verði starfræktur þetta haustið í núverandi húsnæði að Nauthólsvegi 87 og að Siglunesi. Í samskiptum skóla- og frístundasviðs og skólans kemur fram að fermetrafjöldi pr.barn hafi verið 11 m² þegar þjónustusamningur við skólann var samþykktur í maí 2019 en sé miðað við upplýsingar frá skólanum nú séu fermetrar pr. barn 5,6 m² auk þess sem ekki hafi fengist jákvæð umsögn Heiðbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna lausra kennslustofa/gámaeininga og byggingarfulltrúi hafi bent á að byggingarleyfi sé ekki til staðar.

3. Umsókn dagsett 7. desember 2020, um leyfi til að kenna börnum í 6. og 7. bekk í skólanum út skólaárið 2020 – 2021. Í því erindi kemur fram að gert sé ráð fyrir að framtíðarskipulag skólans liggi fyrir á næstu vikum og verði sótt um nýtt leyfi þegar það liggur fyrir. Minna rými en í hefðbundnum skólum verði leyst að hluta með því að nota margvíslegar kennsluáðferðum og að nemendur skiptist á að vera úti hluta úr degi, enda hafi kennsla með efniviði náttúrunnar reynst vel. Hefur skóla- og frístundasvið lýst því að með tilliti til hagsmuna nemenda sem nú þegar stunda nám í skólanum sé það mat sviðsins að rétt sé að leggja til við skóla- og frístundaráð og borgarráð að veitt verði leyfi til kennslu þeirra 16 reykvísku nemenda sem nú eru í 6. og 7. bekk út skólaárið 2020 - 2021. Er framangreint háð því að skólahúsnæðið uppfylli ákveðin skilyrði og staðfesting Menntamálastofnunar fáiast.

Umsögn FÁST

Skóla- og frístundasvið hefur í minnisblaði sínu gert grein fyrir fjárhagslegum áhrifum málsins og áætlað árlegan rekstrarkostnað vegna barns í einkareknum skóla rúma 1,5 m.kr. eða um 175 þ. á mánuði. Óskað er eftir fjárheimild vegna 16 barna í 4 mánuði frá 1. febrúar 2021 með tilliti til hagsmuna nemenda sem nú þegar stunda nám í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Auka þyrfti fjárheimildir skóla- og frístundasviðs 2021 um rúmar 11 m.kr. til að börn í 6. og 7. bekk skólans geti lokið þar skólaárinu.

Til fjármögnunar 2021	frá 1. febrúar 2021
Fjöldi nemenda	16
Kostn. pr. nemanda á mánuði	174.868
Fjöldi mánaða	4
Kostnaður á vorönn samtals 2021	11.191.552

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur áður skilað umsögn vegna málsins, dags. 14. maí 2020, R20050171, þar sem bent var á að húsnæðismál skólans væru óleyst og er vísað til þeirrar umsagnar til frekari skýringa. Samkvæmt minnisblaði skóla- og frístundasviðs hefur sú staða ekki verið leyst en ljóst er að verið er að vinna í málinu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við tillögu skóla- og frístundasviðs, að með tilliti til hagsmuna barna sem nú þegar stunda nám í 6. og 7. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar, sé veitt fjárheimild til 4 mánaða frá 1. febrúar 2021 til að þau geti lokið sínu skólaári. Ekki er heldur gerð athugasemd við fjárhagsleg áhrif sem sett eru fram í minnisblaði SFS þar sem kostnaðarauki er metinn rúmar 11 m.kr.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, 6. bekk, við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn vegna umsóknar Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, í 6. bekk, frá og með skólaárinu 2020-2021.

Fyrir tæpu ári síðan, á fundi borgarráðs þann 6. júní 2019, var samþykkt tillaga þar sem heimilað var að hefja kennslu í 5. bekk við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík haustið 2019. Gildandi þjónustusamningur um framlag vegna nemenda skólans með lögheimili í Reykjavík heimilar greiðslu framlags vegna allt að 150 reykvískra nemenda í 1. – 5. bekk. Þann 15. apríl 2020 stunduðu 110 reykvískir nemendur nám við skólann þ.a. 18 nemendur í 5. bekk.

Í umsókn Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. sem barst þann 1. apríl 2020 er óskað eftir leyfi til að hefja kennslu í 6. bekk við skólann frá og með skólaárinu 2020 – 2021. Mikill áhugi foreldra sé á því að barn þeirra haldi áfram námi við skólann að loknum 5. bekk. Jafnframt sé það langtímamarkmið að bjóða síðar upp á unglíngastig við skólann. Ekki kemur fram í umsókninni hver áætlaður fjöldi nemenda gæti orðið í 6. bekk, en ef gengið er út frá að það verði sambærilegur fjöldi og er í 5. bekk í dag er rými fyrir þá aukningu innan núverandi samnings. Á næsta ári gæti komið til frekari fjölgun enda fyrirhugað að bæta við kennslu í 7. bekk og því óskar Hjallastefnan grunnskóli sömuleiðis eftir endurskoðun á samningi vegna þessa fyrir skólaárið 2022 – 2023.

Í bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs er vísað í 43. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem kemur fram að sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands. Kostnaður þessi var kr. 1.994.050 í apríl 2020. Ef miðað er við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð til sjálfstætt starfandi skóla þá er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.495.538 sem dreifist á 9 mánaða skólaár.

Til samræmis við áður nefnt samkomulag um land undir starfsemi HR var lóðinni Nauthólsvegur 83 (áður Nauthólsvegur 83, 85, 87 og 89) úthlutað með ákvörðun borgarráðs þann þann 12. október 2017³ til Grunnstoðar ehf, félags sem er í 95% eigu Háskólans í Reykjavík og í 5% eigu bakhjarla HR; SVÍV, SI og SA. Lóðarhafinn hefur óskað eftir því að Bak-Hjallar ehf. fjarlægi byggingar sínar af lóðinni og hefur Reykjavíkurborg boðið fram aðrar lóðir en Hjallastefnan hefur ekki fallist á neina þá tillögu sem borin hefur verið upp.

Það er við það ástand sem Hjallastefnan leggur fram beiðni um fjölgun barna og er það mat Fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé unnt að samþykkja þá umsókn að óbreyttu.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

³ Sjá fylgiskjal – Úthlutun lóðar Nauthólsvegur 83 R17100111

Skjal nr. S
Móttækið til þinglýsingar

13. 01. 2010

Frumrit stimplað með
kr.

000332

Reykjavík, 11. janúar 2010
2009070038
40.20

INNFÆRT

19 JAN. 2010

Nauthólsvegur 87 - Lóðarleigusamningur

Landnúmer 214256
Fastanúmer 231-9862
Staðgreinir 1.755.203

Bergþór 

LÓÐARLEIGUSAMNINGUR
um lóð nr. 87 við Nauthólsveg í Reykjavík

Samkvæmt ályktun borgarráðs Reykjavíkur þann 10.12.2009 er

Skólafélagið Bak-Hjallar ehf., kt. 480609-1150, Vífilisstaðavegi 123, Garðabæ

leigjandi lóðarinnar nr. 87 við Nauthólsveg til þess að leika þar leik- og grunnskóla

Lóðin er leigð með eftirgreindum nánari skilmálum:

1. Lóðin Nauthólsvegur 87 er að flatarmáli 7.204 m² og er lögun hennar eins og sýnt er á viðfestum sérupprætti landupplýsingadeildar Framkvæmda- og eignasviðs, dags. 9.11.2009, breytt 11.1.2010.

Eignarhluti Reykjavíkurborgar í lóðinni er	5.834 m ²
Eignarhluti Ríkissjóðs Íslands í lóðinni er	1.370 m ²
	7.204 m ²

Lóðarleigusamningurinn nær eingöngu til hluta Reykjavíkurborgar í lóðinni.

Á lóðinni eru eftirtaldar kvaðir:

- a. Kvöð um að á lóðinni verði leik- og grunnskóli.
- b. Lóðin er leigð til 5 ára frá 1.9.2009. Um ráðstöfun hennar eftir það fer eftir samkomulagi Reykjavíkurborgar, Hjallastefnunnar ehf. og Háskólans í Reykjavík, dags. 2.9.2009, sem er fylgiskjal með lóðarleigusamningi þessum. Lóðarhafa er skylt, á sinn kostnað, að fjarlægja byggingar af lóðinni að leigutímanum loknum.
- c. Lóðarhafa er óheimilt að framselja eða veðsetja leigurétt sinn að lóðin ni í heild eða að hluta nema að fengnu sérstöku leyfi Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík.
- d. Kvöð er á hæð húsa vegna flugbrautar, sjá nánar skilmála deiliskipulags.
- e. Kvöð er á lóð um staðsetningu dreifistöðvar og lagnir að henni.
- f. Hreinsa skal ofanvatn í oliuskilju af bílastæðum og öðrum flötum þar sem hætta er á olíumenguðu afrennsli, sjá nánar skilmála.
- g. Kvöð er um opnar gönguleiðir innan lóðar skv. samkomulagi Háskólans í Reykjavík og Reykjavíkurborgar, dags. 13.2.2007.
- h. Aðkoma að lóð og fjöldi, staðsetning og frágangur bílastæða sé í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- i. 2 metra kvöð um langir hitaveitu.

Auk þess er á lóðinni almenn kvöð um hvers konar lagnir borgarsjóðs eða stofnana hans, sem þörf er á. Um aðra lóðarskilmála er vísað í almenna lóða- og framkvæmdaskilmála Framkvæmda- og eignasviðs



Reykjavíkurborgar varðandi mannvirki á lóðinni og um frágang lóðar.

Samþykktir sem séruþráttur, gerður 9.11.2009 og breytt 11.1.2010, byggir á:

- Deiliskipulag, sem samþykkt var í borgarráði 14.6.2007 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 11.7.2007.
 - Deiliskipulagsbreyting sem samþykkt var í skipulagsráði 24.10.2007 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 3.12.2007.
2. Lóðin er leigð til 5 ára, talið frá 1. september 2009. Sjá nánar b-lið 2. mgr. 1. gr. sammings þessa.
 3. Lóðarhafi hefur byrjað byggingu leik- og grunnskóla á hinni leigðu lóð. Lóðarhafa er skylt að ganga að fullu frá lóð samkvæmt skipulagsupprætti. Hafi þeim framkvæmdum eigi verið lokið innan 2 ára, frá undirritun lóðarsammings aðelja, getur Reykjavíkurborg látið framkvæma umræddan frágang á kostnað lóðarhafa.
 4. Lóðarhafi greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum.
 5. Af lóðinni greiðist engin leiga. Hús og mannvirki á lóðinni eru að veði fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum og eru lóðarhafi og veðhafar skyldir að hlíta því, ef í lög verða sett ákvæði um að þau gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.
 6. Að loknum leigutímanum skal lóðarhafi fjarlægja byggingar af lóðinni, nema samkomulag verði um framhengingu leigutímans, eftir atvikum með breyttum skilmálum. Um gildistíma sammingsins og síðari ráðstöfun lóðarinnar fer að öðru leyti eftir samkomulagi Reykjavíkurborgar, Háskólans í Reykjavík og Hjallastefnunnar ehf., dags. 2.9.2009, sbr. fskj.
 7. Lóðarhafa er þheimilt að framselja eða veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild eða að hluta nema að fengnu sérstöku leyfi Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík.
 8. Lóðarhafi greiðir kostnað við þinglýsingu á lóðarleigusamningi þessum og stimpilgjald.
 9. Af lóðarleigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.


F.h. Reykjavíkurborgar

13.1.2010


Ég undirritaður lóðarhafi geng að framangreindum leiguskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

F.h. Skólafélagsins Bak-Hjallar ehf.



Fasteignamat leigulóðarinnar	kr. 51.750.000
Ársleiga 0% samkv. ákvörðun borgarstjórnar	kr. 0

Vottar að rétttri dagsetningu,
undirskrift og fjárræði lóðarhafa:


Kt 120667556

Nauthólsvegur 87 - 214256
Fskj. m. lótarleigu-Rófofóci?
Samningi.

SAMKOMULAG

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Háskólinn í Reykjavík, kt. 621199-2699, og Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039, gera með sér svohljóðandi samkomulag:

Samkvæmt gr. 6.1 í samkomulagi Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík frá 13. febrúar 2007 skuldbatt Reykjavíkurborg sig til að byggja og reka leikskóla í tengslum við stúdentagarða á svæðinu.

Með yfirlýsingu, dags. 10. september 2008, lýstu Reykjavíkurborg og Hjallastefnan ehf. yfir vilja sínum til að í Reykjavík yrði starfræktur sjálfstætt rekinn skóli undir merkjum Hjallastefnunnar fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla.

Samkomulag er um að Hjallastefnan ehf. byggi og reki tímabundið leik- og grunnskóla á svæði Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Samkomulag er um að skólinn verði staðsettur á svæði, merktu 1c í deiliskipulagi fyrir svæðið, nánar tiltekið þeirri lóð sem liggur að svæði merktu 1b, samtals 7.202 fm. að stærð. Skólahúsnæðið verði um 650 fm., en heimilt er að stækka það upp í a.m.k. 1.500 fm.

Reykjavíkurborg tekur að sér að gera að- og fráreinar frá lóðinni og gerir hana byggingarhæfa. Þess í stað afsalar Hjallastefnan ehf. sér áður lofuðum stofnstyrk að fjárhæð 2,4 mkr. sbr. samþykkt borgarráðs, dags. 22. janúar 2009.

Sérstakur samningur verður gerður við Hjallastefnuna ehf., sem leigir aðstöðu á lóð HR. Samningurinn er fyrst til fimm ára og innan þess tíma skal liggja fyrir hvort Háskólinn í Reykjavík vilji ráðstafa lóðinni með öðrum hætti en undir leik- og grunnskóla og staðsetja leikskóla annars staðar á svæðinu, sbr. gr. 6.1 í tilvitnuðu samkomulagi. Hjallastefnan ehf. skuldbindur sig til að færa bygginguna eftir fyrstu fimm árin ef HR óskar þess enda tilkynni HR um slíkar breytingar með eins árs fyrirvara. Jafnframt mun Hjallastefnan ehf. ekki leggja gegn öðrum framkvæmdum sem hugsanlega fara í gang á reitnum. Einnig hefur HR heimild til að ráðstafa þessari ljóð undir eitthvað annað eða til annarra aðila á þessu fimm ára tímabili, en þó ávallt með þeirri kvæði að Hjallastefnan ehf. hafi rétt á að vera með þetta húsnæði á þessum stað fyrstu fimm árin. Með sama hætti skal innan sama tíma liggja fyrir hvort Hjallastefnan ehf. telur þessa lóð henta fyrir framtíðarstarfsemi leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar. Ef þróun skólastarfs í leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar verður með þeim hætti að aðstaðan á lóðinni verður of lítil mun Reykjavíkurborg beita sér fyrir því, í samræmi við áherslur skóla- og skipulagsyfirlvalda, að Hjallastefnan fái úthlutað lóð sem hentar starfsemi, í samræmi við þann vilja sem endurspeglast í viljayfirlýsingu aðila frá 10. september 2008.

Með samkomulagi þessu telst Reykjavíkurborg hafa uppfyllt gr. 6.1 í samkomulagi frá 13. febrúar 2007.

Reykjavík,
F.h. Reykjavíkurborgar

2. SEP. 2009

F.h. Háskólans í Reykjavík

F.h. Hjallastefnunnar ehf.



Borgarráð

Nauthólsvegur 83 (háskólagarðar) - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Grunnstoð ehf., kt. 701211-1030, Menntavegi 1, 101 Reykjavík lóð og byggingarrétti fyrir fjölbýlishús að Nauthólsvegi 83, fyrir samtals 370 íbúðir á fjórum reitum. Byggingarmagn nemur í heildina 28.680 fermetrum ofanjarðar fyrir a, b og c-rými, 9.210 fermetra neðanjarðar fyrir kjallara og 5.100 fermetra neðanjarðar fyrir bílakjallara, samtals 42.990 fermetrar. Úthlutun þessi byggir á samkomulagi Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík dags. 13. febrúar 2007, viðauka dags. 13. júní 2008, samkomulagi dags. 6. apríl 2011 og viðauka dags. 17. maí 2017, milli sömu aðila.

Gatnagerðargjald, fyrir 10.195 fermetra hús á reit A með 102 íbúðum er kr. 116.243.390.- og fyrir 1.600 fermetra bílakjallara kr. 1.824.320.-, samtals kr. 118.067.710.-

Gatnagerðargjald, fyrir 9.870 fermetra hús á reit B með 105 íbúðum er kr. 112.537.740.- og fyrir 1.900 fermetra bílakjallara kr. 2.166.380.-, samtals kr. 114.704.120.-

Gatnagerðargjald, fyrir 10.440 fermetra hús á reit C með 144 íbúðum er kr. 119.036.880.- og fyrir 1.600 fermetra bílakjallara kr. 1.824.320.-, samtals kr. 120.861.200.-

Gatnagerðargjald, fyrir 4.955 fermetra hús á reit D með 19 íbúðum er kr. 56.496.910.-

Greiðslur fyrir gatnagerðargjald nema samtals kr. 410.129.940.- í október 2017. Gjaldldagi gatnagerðargjalds fyrir reit A, samtals 118.067.710.- eru 90 dagar frá samþykki borgarráðs fyrir úthlutun lóðarinnar. Gjaldldagi gatnagerðargjalds fyrir reit B, C og D skal vera við útgáfu byggingarleyfis fyrir hvert hús ásamt bílakjallara á lóðinni og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

Borgarráð samþykkti þann 24. nóvember 2016 að veita Grunnstoð ehf., sem er fasteignafélag alfarið í eigu Háskólans í Reykjavík ehf., 12% stofnframlag til byggingar íbúða á grundvelli laga nr. 52/2016, vegna óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar. Þann 6. apríl 2017 samþykkti borgarráð að heimila Grunnstoðum ehf. að framleigja byggingarrétt af lóðarlutanum reit A á lóðinni Nauthólsvegur 83 til Nauthólsvegur 83 hses. Með úthlutun þessari er 12% stofnframlag Reykjavíkurborgar veitt í formi samþykkis á framleigu frá Grunnstoð ehf. til Nauthólsvegur 83 hses.

Komi til þess að lóðarhafi fái samþykkt aukið stofnframlag vegna uppbyggingar á lóðinni

Nauthólsvegur 83 er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast viðbótargreiðslu fyrir byggingarrétt á lóðinni.

Reykjavíkurborg mun ekki krefjast endurgreiðslu andvirðis stofnframlagsins. Endurgreiði Nauthólsvegur 83 hses. andvirði þess stofnframlags sem það hefur fengið frá íbúðalánasjóði, áður en 50 ára skilgreindur leigutími rennur út, fellur framleigusamningur Grunnstoða og Nauthólsvegar 83 hses. niður. Lóðarréttindin verða þá á ný á hendi Grunnstoðar.

Eftirfarandi kvaðir eru á lóðinni og verður þinglýst á lóðina með lóðarleigusamningi og eftir atvikum sérstakri kvaðayfirlýsingu samhliða útgáfu lóðarleigusamnings:

1. Framsal á byggingarrétti á lóðinni er háð fyrirfram samþykkis borgarráðs. Framsal á hlutum í Grunnstoð ehf., og Háskólanum í Reykjavík ehf., kt. 510105-4190, eða sala einstakra íbúða, er óheimil nema að fengnu samþykki borgarráðs. Komi til þess að borgarráð heimili framsal áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að innheimta sérstakt byggingarréttargjald.
2. Óheimilt er að veðsetja ofangreinda fasteign til tryggingar öðrum skuldum en lánnum sem upphaflega voru tekin til kaupa eða byggingar á henni og skuldabréfi til endurgreiðslu stofnframlaga.
3. Þinglýsingarbann gildir gagnvart öðrum veðskuldum en þeim sem bera með sér að þau séu hluti af stofnframlagi og fjármögnun skv. lögum nr. 52/2016.
4. Óheimilt er að selja fasteign þessa nema með leyfi Reykjavíkurborgar og Íbúðalánasjóðs. Fáist leyfi til sölunnar ber að endurgreiða Íbúðalánasjóði í einu lagi stofnframlag sem veitt hefur verið vegna fasteignarinnar, sbr. 16. gr. laga nr. 52/2016. Sama gildir um sölu lóðar ásamt byggingarrétti sem fengið hefur samþykkt stofnframlag.
5. Fasteignir á lóðinni eru ætlaðar til langtímaleigu í samræmi við lög nr. 52/2016 um almennar íbúðir og má hvorki breyta notkun þeirra né leigja þær öðrum en leigjanda sem er undir tekju- og eignamörkum skv. 10. gr. laganna, sbr. þó 5. mgr. 19. gr. laganna. Leigjanda er óheimilt að framleigja fasteignina til annarra aðila en þeirra sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt.
6. Einungis er heimilt að nota fasteignirnar í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um stofnframlög gilda að öðru leyti. Brot á þessu felur í sér að endurgreiða þarf stofnframlag til Íbúðalánasjóðs f.h. ríkissjóðs í einu lagi vegna fasteignarinnar, sbr. 16. gr. laga nr. 52/2016.
7. Nýting fyrirhugaðra húsa á Nauthólsvegi 83, þ.e. á reitum A, B, C og D, skal vera með eftirtöldum hætti:
 - 7.1. Stúdentabúðir og herbergi verða a.m.k. 320. Hluta þessara íbúða verður heimilt að nýta hluta úr ári samkvæmt sérstöku rekstrarleyfi undir hóteltarfstærmi.
 - 7.2. Til tímabundinnar leigu fyrir starfsfólk HR og fyrirtækja á háskólasvæðinu, allt að 50 íbúðir.
 - 7.3. Til að tryggja félagslega blöndun skal Reykjavíkurborg fá afhentan byggingarrétt

í tveim stakstæðum byggingum með samtals 20 íbúðum. Annað húsið er á deiliskipulagsupprætti merkt A5 á reit A og hitt húsið er merkt B4 á reit B, sjá fylgiskjal 1.

7.4. Önnur nýting á íbúðunum en að framan greinir er óheimil.

Framangreindum kvöðum verður ekki aflýst nema með samþykki Reykjavíkurborgar.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu vegna lóðarinnar er innheimt af Veitum ohf.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein númer 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Lóðaleigusamningur verður gerður þegar lóðin hefur verið greidd og geymir hann nánari stærð lóðarinnar og kvaðir á henni.


Að öðru leyti en að framan greinir gildir um lóðina áður tilvitnaðar almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnar í maí 2014, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og deiliskipulagsskilmálar fyrir Háskólann í Reykjavík dags. 27. mars 2017. Að auki gildir um úthlutun þessa, að öðru leyti en að framan greinir, samkomulag Reykjavíkurborgar og Háskólans í Reykjavík dags. 13. febrúar 2007, viðauki dags. 13. júní 2008, samkomulag dags. 6. apríl 2011 og viðauki dags. 17. maí 2017, milli sömu aðila. Framangreindir skilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

1. Útdráttur úr deiliskipulagi, skýringarmynd.

Fylgiskjal 1



Mynd 22 Skýringarmynd - yfirlit húsgerða.